

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 11.02.15

EFNI: Athugasemdir vegna tillögu að LANDSSKIPULAGSSTEFNU 2015–2026


Vísað er til auglýsingar Skipulagsstofnunar frá 19.12 sl. þar sem óskað er eftir athugasemdum við tillögu stofnunarinnar að Landsskipulagsstefnu 2015–2026.

Í hjálagðri greinargerð eru athugasemdir Vatnajökulsþjóðgarðs. Þær ná einvörðungu til stefnu um skipulag á miðhálandi Íslands, enda spannar þjóðgarðurinn um þriðjung miðhálandisins eins og það er skilgreint í stefnuþrógunum.

Virðingarfyllt
f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs



Snorri Baldursson



Athugasemdir við tillögu að LANDSKIPULAGSSTEFNU 2015–2026

Einvörðungu er fjallað um skipulagsstefnu fyrir miðhálandi Íslands.

Almennar athugasemdir:

1. Tillagan endurspeglar aðeins að litlu leyti niðurstöður faghóps sem greindi valkosti fyrir miðhálandið og vann umhverfismat fyrir þá kosti. Meginniðurstöður faghópsins, sem m.a. var skipaður þremur fultrúum Skipulagsstofnunar, voru afgerandi varðandi verndargildi miðhálandisins: Að það bæri að skipuleggja og vernda sem heild, að þar yrðu engar frekari stórvirkjanir, engir uppbyggðir vegir eða frekari línulagnir.
2. Tillagan gengur, að því séð verður, lítið ef nokkuð lengra en gildandi Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015 sem samið var á 10. áratug síðustu aldar. Síðan hafa viðhorf almennings til náttúruverndar og hagsmunir ferðaþjónustunnar breyst mikið.
3. Tillagan er því ekki í réttum takti við sérstöðu og verðmæti miðhálandisins. Verndarkrafan er að sama skapi óljós; markmið um sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda er t.d. nánast það sama fyrir hálandi og dreifbýli.
4. Þrátt fyrir að Vatnajökulsþjóðgarður varlsi vel yfir þriðjung miðhálandisins er hans hvergi getið sem samvinnuaðila.

Sértækar athugasemdir

Yfirmarkmið 1. Skipulag á miðhálandi Íslands

Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir ferðaþjónustu og útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.

Þetta yfirmarkmið nær forsendum varðstöðunnar en er ekki nógu afgerandi varðandi leiðir. Lagt er til að yfirmarkmiðið verði:

Miðhálandið verði ein verndarheild Staðinn verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna ótvíæðs náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir ferðaþjónustu og útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu verði takmörkuð og taki mið af sérstöðu þess.

Svona orðað nær yfirmarkmiðið betur að endurspegla tíðarandann. Verndarheild þarf ekki að þýða stranga friðun alls staðar eða bann við hefðbundinni nýtingu (sbr. Vatnajökulsþjóðgarður).

Markmið 1.1. Víðerni og náttúrugæði

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja.

Þetta markmið er meira afgerandi en yfirmarkmiðið. Það er þó óþarfi að skilyrða vistgerðir og menningarminjar því allur gróður á miðhálandinu er mikilvægur (fágætur) og allar menningarminjar þar verðmætar (fátíðar). Bæta þarf „tegundum“ við í upptalningu en í lagi að sleppa gróðurlendum; vistgerðir spanna þau.

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda, tegunda og verðmætra menningarminja.

Til að forðast notkun hins tæknilega hugtaks „vistgerð“ má einnig umorða markmiðið á eftirfarandi hátt:

Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálandisins með áherslu á verndun víðerna hálandisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda jarðvegs, gróðurs, dýralífs og verðmætra menningarminja.

1.1.1 Lína 7-8 þarf að vera meira afgerandi „...skerði ekki víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins ~~sem minnst.~~“ (ATH! Þarnaesta setning „leyfir“ takmarkaða mannvirkjagerð á víðernum og þessvegna óþarfi að segja að skerðingin verði „sem minnst“).

1.1.2. Bæta þarf inn í kaflann um landgræðslu að ekki verði notast við innfluttar/framandi tegundir.

1.1.3 eða 1.1.4. Bæta við að samkvæmt Lögum um verndar og orkunýtingaráætlun nr 48/2011 (6. gr; 4. liður), ber stjórnvöldum að „hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar.“

1.1.4. Vatnajökulsþjóðgarður heldur betri kortagrunn um landsvæði innan þjóðgarðs en Umhverfisstofnun og því eðlilegt að nefna hann sem samvinnuaðila hér. Undir þessum lið væri líka eðlilegt og í anda markmiðs 1.1. að beina til stjórnvalda að setja heildstæða löggjöf um hálandið vernd þess og sjálfbæra nýtingu. Það er eina leiðin til að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum þess.